

Yfirlit yfir frumkvæðis- og forathugunarmál sem lokið var hjá embætti umboðsmanns Alþingis á tímabilinu 1. janúar 2016 til 31. janúar 2017

1 Frumkvæðismál

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, getur umboðsmaður að eigin frumkvæði ákveðið að taka mál til meðferðar. Hann getur jafnframt tekið starfsemi og málsmeðferð stjórnvalds til almennrar athugunar. Frumkvæðismál er því aðeins skráð að umboðsmaður hafi tekið ákvörðun á grundvelli 5. gr. laga nr. 85/1997 að taka málefni til formlegrar athugunar. Til undirbúnings því hvort slík ákvörðun verður tekin kann umboðsmaður að fara þá leið að óska eftir upplýsingum og gögnum frá stjórnvöldum og gera þannig forathugun á málinu.

Á tímabilinu 1. janúar 2016 til 31. janúar 2017 var eftirfarandi frumkvæðisathugunum lokið af hálfu umboðsmanns:

- Mál nr. 5544/2008 lokið með álit 13. júní 2016** Í júní 2016 lauk umboðsmaður frumkvæðisathugun á málefnum Félagsbústaða hf. sem annast útleigu félagslegs leiguhúsnaðs á vegum Reykjavíkurborgar. Athugunin beindist að því hvaða skyldur hvíldu á Reykjavíkurborg að tryggja leigjendum sömu réttindavernd í samskiptum þeirra við Félagsbústaði hf. og þeir nyttu gagnvart sveitarfélaginu. Var það niðurstaða umboðsmanns að þegar Reykjavíkurborg færi þá leið að fela hlutafélagi að annast útleigu íbúða sem væri liður í framkvæmd opinberra verkefna sveitarfélagsins samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga bæri því að sjá til þess að réttindavernd leigutaka yrði ekki lakari en hún væri gagnvart sveitarfélaginu sjálfu. Þá var það jafnframt niðurstaða umboðsmanns að skráðar og óskráðar reglur stjórnarsýsluréttarins gætu átt við með beinum hætti um framkvæmd Félagsbústaða hf. á þessu verkefni. Umboðsmaður beindi þeim tilmælum til Reykjavíkurborgar að taka afstöðu til þess hvaða breytingar þyrfti að gera á löggæringum milli borgarinnar og Félagsbústaða hf. til að tryggja réttindavernd leigutaka.
- Mál nr. 7896/2014 lokið með álit 31. janúar 2017** Í álit sínu frá 30. apríl 2012 í máli nr. 6402/2011 komst umboðsmaður að þeirri niðurstöðu að umhverfisráðherra hefði skort hæfi til að staðfesta nánar tilgreindar breytingar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulagi Reykjavíkur. Í kjölfarið var annar ráðherra settur til að fara með mál vegna endurskoðunar á staðfestingum skipaðs ráðherra. Eftir að settur umhverfisráðherra tók ákvörðun í málinu vakti umboðsmaður athygli umhverfis- og auðlindaráðuneytisins á því að ákvörðunin hefði ekki verið birt í Stjórnartíðindum. Í svörum ráðuneytisins af því tilefni kom fram sú afstaða að ekki væri þörf á að birta ákvörðunina þar. Umboðsmaður ákvað í framhaldinu að taka til athugunar að eigin frumkvæði hvort þessi afstaða ráðuneytisins væri í samræmi við lög. Var það niðurstaða umboðsmanns að ákvörðun setts umhverfisráðherra hefði efnislega falið í sér staðfestingu sem skylt hefði verið að birta í Stjórnartíðindum samkvæmt ákvæðum skipulags- og byggingarlaga. Umboðsmaður beindi þeim tilmælum til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins að bætt yrði úr skorti á birtingu ákvörðunar setts umhverfisráðherra.

2 Forathugunarmál/fyrirspurnir

Áður en umboðsmaður tekur ákvörðun um hvort tilefni sé til þess af hans hálfu að taka mál til formlegrar frumkvæðisathugunar er oft farin sú leið að óska eftir upplýsingum og gögnum frá stjórnvöldum og gera þannig forathugun á máli. Á tímabilinu 1. janúar 2016 til 31. janúar 2017 lauk umboðsmaður forathugun eftirfarandi mála:

1. **Mál nr. F-2 lokið með bréfi til mennta- og menningarmálaráðuneytisins 19. desember 2016** Umboðsmaður tók til skoðunar eftirlit mennta- og menningarmálaráðuneytisins með gerð og skráningu námssamninga um vinnustaðanám á framhaldsskólastigi. Fram kom að nemendur í slíku námi fengju nú samræmdar leiðbeiningar m.a. um málskotsrétt til ráðherra. Þá héldi ráðuneytið reglulega fundi með þeim aðilum sem það hefði falið umsýslu á þessu sviði. Taldi umboðsmaður í ljósi úrbóta sem ráðuneytið hafði gert ekki tilefni til frekari athugunar á málinu.
2. **Máli nr. F-3 lokið með bréfi til Barnaverndarstofu og landlæknis 19. maí 2016** Umboðsmaður tók til skoðunar verklag stjórnvalda við mat heilbrigðisstarfsmanna á trúverðugleika ásakana um kynferðisofbeldi gegn börnum í málum þar sem reynir á slíkt mat. Í svörum stjórnvalda kom fram að til stæði að setja leiðbeinandi verklag fyrir heilbrigðisstarfsmenn í slíkum málum. Umboðsmaður óskaði eftir því að honum yrði sent afrit af boðuðum leiðbeiningum landlæknis þegar þær hefðu verið settar þannig að hann gæti gert grein fyrir málinu í skýrslu sinni til Alþingis fyrir árið 2016.
3. **Mál nr. F-4 lokið með bréfi til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 19. maí 2016** Umboðsmaður tók til skoðunar atvik 24. júní 2013 þegar lögreglumenn veittu tveimur þrettán ára stúlkum á léttu bifhjóli eftirför. Umboðsmaður taldi ekki tilefni til frekari athugunar sinnar á málinu í ljósi svara lögreglu um verklag við handtöku og þjálfun lögreglumanna en lagði áherslu á mikilvægi þess að því væri fylgt og að gætt væri meðalhófs.
4. **Mál nr. F-11 lokið með bréfi til Landspítala 30. desember 2016** Umboðsmaður tók til skoðunar gerð starfslókasamninga við starfsmenn Landspítala. Eftir að skoðun umboðsmanns hófst voru gerðar breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þar sem forstöðumönnum stofnana var fengin heimild til að gera slíka samninga. Umboðsmaður taldi því ekki tilefni til að taka málið til nánari athugunar í ljósi þessara lagabreytinga.
5. **Mál nr. F-22 lokið með bréfi til ríkissaksóknara 30. desember 2016** Umboðsmaður tók til skoðunar eftirlit ríkissaksóknara með símhlustunum lögreglu. Hinn 1. janúar 2017 tóku gildi breytingar á lögum um meðferð sakamála sem miðuðu að því að veita aukið aðhald og tryggja betur réttaröryggi þeirra sem slíkar aðgerðir beindust að. Í ljósi þessara breytinga og skýringa ríkissaksóknara taldi umboðsmaður ekki tilefni til frekari athugunar á málinu.
6. **Mál nr. F-31 lokið með bréfi til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 19. maí 2016** Upplýsingar um líkamsleitir lögreglu á tónlistarhátíðinni Secret Solstice urðu umboðsmanni tilefni til að óska eftir upplýsingum frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Í svörum lögreglustjóra kom m.a. fram að sú framkvæmd að útskýra ekki sérstaklega fyrir einstaklingum að þeir þyrftu ekki að samþykkja líkamsleit væri ekki í samræmi við lög. Farið hefði verið yfir málið og gengið eftir því að þessi framkvæmd yrði leiðrétt. Umboðsmaður lauk athugun sinni en áréttaði mikilvægi þess að tryggð væri sönnun fyrir samþykki einstaklings ef ætlun væri að byggja líkamsleit á slíku samþykki.

Í ljósi samræmingar- og samhæfingarhlutverks ríkislögreglustjóra ákvað umboðamaður að vekja athygli hans á málinu.

7. **Mál nr. F-33 lokið með bréfi til innanríkisráðuneytisins 19. maí 2016** Umboðsmaður tók til skoðunar möguleika fanga sem afplánuðu fangelsisrefsingu fyrir kynferðisbrot gegn börnum til að ljúka afplánun utan fangelsis m.a. í ljósi upplýsinga þess efnis að þessir fangar ættu ekki kost á að afplána hluta refsingar sinnar á áfangaheimilum sem Fangelsismálastofnun hefði gert samninga við. Í svörum innanríkisráðuneytisins kom fram að stjórnvöld hefðu leitast við að gera samninga við sérstakar stofnanir um vistun fanga þannig að allir fangar gætu lokið afplánun á sérstakri stofnun eða heimili. Þá kom fram að lögum um fullnustu refsinga hefði verið breytt þannig að fangi sem metinn hefði verið hæfur til að nýta sér slíkt úrræði en ekki fengið vegna ástæðna sem ekki væru af hans völdum ætti kost á að ljúka afplánun undir rafrænu eftirliti. Í ljósi þessa ákvað umboðsmaður að ljúka athugun sinni.
8. **Mál nr. F-34 lokið með bréf til innanríkisráðuneytisins og KNÚ 30. desember 2016** Umboðsmaður tók til skoðunar málsmeðferðartíma hjá innanríkisráðuneytinu og síðar kærufnd útlendingamála í málum vegna haelis. Fram kom að veruleg breyting hefði orðið á afgreiðslutíma þessara mála á þeim tíma sem athugun umboðsmanns hafði staðið yfir. Umboðsmaður taldi ekki tilefni til formlegrar athugunar á málinu að svo stöddu en óskaði eftir því að sér yrðu sent yfirlit yfir afgreiðslutíma mála hjá nefndinni á árinu 2016 og fyrst þrjá mánuði ársins 2017 fyrir 15. apríl það ár.
9. **Mál nr. F-48 lokið með bréfi til innanríkisráðuneytisins 30. desember 2016** Umboðsmaður tók til skoðunar aðkomu náðunarnefndar að afgreiðslu ráðuneytisins á kærnum vegna ákvarðana um samfélagsþjónustu og reynslulausn. Í skýringum ráðuneytisins kom m.a. fram að aðili máls fengi tækifæri til andmæla ef ný gögn kæmu fram í máli við umfjöllun náðunarnefndar. Umboðsmaður taldi ekki tilefni til formlegrar athugunar á málinu en lagði áherslu á að ráðuneytið gætti að því að andmælarétti væri fylgt í framkvæmd við meðferð náðunarnefndar.
10. **Mál nr. F-51 lokið með bréfi til innanríkisráðuneytisins 30. desember 2016** Umboðsmaður tók til skoðunar aðdraganda að sameinungu Námsmatsstofnunar og Námsgagnastofnunar. Laut skoðun umboðsmanns m.a. að breytingum á störfum og starfslokum starfsmanna af þessu tilefni. Umboðsmaður benti á að lög um sameininguna hefðu nú öðlast gildi og jafnframt verið gerðar breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þar sem forstöðumönnum voru færðar heimildir til að semja við starfsmenn um starfslok. Taldi umboðsmaður því ekki tilefni til að taka málið til formlegrar athugunar en áréttaði mikilvægi þess að starfsemi stjórnvalda færi á hverjum tíma fram í samræmi við gildandi lög.
11. **Mál nr. F-56 lokið með bréfi til Reykjavíkurborgar 19. desember 2016** Umboðsmaður tók til skoðunar verklag Reykjavíkurborgar við móttöku og meðferð umsókna um félagslegt húsnæði. Í skýringum Reykjavíkurborgar kom fram að umsækjendum væri leiðbeint um þau gögn sem leggja þyrfti fram við umsókn og um það að endurnýja þyrfti umsókn að 12 mánuðum liðnum. Umboðsmaður taldi því ekki tilefni til frekari athugunar á málinu.
12. **Mál nr. F-58 lokið með bréfi til ríkissaksóknara 7. apríl 2016** Umboðsmaður tók til skoðunar verklag við skil á haldlögðum munum. Í svörum ríkissaksóknara kom fram að

embættið teldi rétt að fara yfir verklag við lokaafgreiðslu sakamála með það að markmiði að tryggja betur að upplýsingar berist frá ákærvaldi til lögreglu um að haldlagningu skuli aflétt. Í ljósi þessara viðbragða lauk umboðsmaður athugun sinni en tók fram að hann myndi óska upplýsinga um afdrif málsins á árinu 2017 vegna skýrslu hans til Alþingis fyrir árið 2016.

13. **Mál nr. F-59 lokið með bréfi til Reykjavíkurborgar 9. febrúar 2016** Fram komu upplýsingar um framkvæmd Reykjavíkurborgar þess efnis að hafna umsóknum um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk frá einstaklingum 67 ára og eldri. Umboðsmaður lauk forathugun sinni að fengnum svörum velferðarráðuneytisins þar sem fram kom að ráðuneytið teldi þessa framkvæmd ekki í samræmi við lög og hygðist taka málið til frekari skoðunar. Umboðsmaður óskaði þess jafnframt að velferðarráðuneytið myndi upplýsa hann um niðurstöðu málsins fyrir 15. apríl 2017.
14. **Mál nr. F-61 lokið með bréfi til Útlendingastofnunar 5. ágúst 2016** Umboðsmaður tók til skoðunar framkvæmd við veitingu dvalarleyfis á grundvelli mannúðarsjónarmiða, einkum af heilbrigðisástæðum. Í ljósi skýringa Útlendingastofnunar og þeirrar vinnu sem var yfirstandandi hjá stofnuninni í málaflokknum taldi umboðsmaður ekki tilefni til frekari athugunar á þessari framkvæmd að svo stöddu.
15. **Mál nr. F-62 lokið með bréfi til Reykjavíkurborgar 19. desember 2016** Umboðsmaður tók til skoðunar skilyrði í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnaði og sérstakar húsaleigubætur um þriggja ára búsetu í sveitarfélaginu. Fram kom afstaða velferðarráðuneytisins þess efnis að réttur einstaklings til aðstoðar sveitarfélags samkvæmt lögum nr. 40/1991 stofnaðist þegar hann tæki sér lögheimili þar. Þá hefði lagaumgjörð sérstakra húsaleigubóta verið breytt með nýjum lögum. Í ljósi þessa taldi umboðsmaður ekki tilefni til frekari athugunar sinnar á málinu að svo stöddu en óskaði eftir því að velferðarráðuneytið upplýsti hann eigi síðar en 1. mars 2017 um framvindu áforma þess.
16. **Mál nr. F-64 lokið með bréfi til innanríkisráðuneytisins 19. desember 2016** Umboðsmaður tók til skoðunar verklag innanríkisráðuneytisins við framsendingu erinda á sviði útlendingamála. Í skýringum ráðuneytisins kom fram að erindi væru framsend til viðeigandi stjórnvalds. Umboðsmaður taldi því ekki tilefni til að skoða málið frekar en áréttaði mikilvægi þess að þau stjórnvöld sem sinntu í sameiningu stjórnsýslu útlendingamála gættu vel að verkaskiptingu sín á milli.
17. **Mál nr. F-65 lokið með bréfi til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins 9. febrúar 2016** Umboðsmaður kom þeirri ábendingu á framfæri við ráðuneytið að þess væri gætt við birtingu upplýsinga um umsækjendur um opinber störf að fram kæmi starfsheiti umsækjanda.
18. **Mál nr. F-67 lokið með bréfi til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu 19. desember 2016** Umboðsmaður tók til skoðunar málsmeðferðartíma þinglýsinga hjá embætti sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Fram kom að unnið hefði verið að úrbótum á verklagi og að samþykkt hefði verið aukafjárveiting til embættisins til að stytta málsmeðferðartíma. Hefði þegar náðst árangur við styttingu afgreiðslutíma. Í ljósi þessa taldi umboðsmaður ekki tilefni til frekari athugunar en óskaði eftir upplýsingum eigi síðar en 1. mars 2017 um árangur úrbótanna.